

bifreið svo löskuð að hún þarfnist verulegrar viðgerðar til þess að komast í ökuhæft ástand og ætla má að viðgerð kosti þriðjung eða meira af söluverði sambærilegar bifreiðar innanlands getur tollstjóri heimilað að bifreiðin verði metin til tolls á kostnað innflytjanda í samræmi við ákvæði 10. gr. tollskrárlaga.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 411 8. október 1979 um sama efni.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar skulu ákvæði reglugerðar þessarar taka til notaðra bifreiða, sbr. 1. mgr. 1. gr., sem aðflutningsgjöld hafa að fullu verið greidd af með peningum eða útgáfu skuldarviðurkenningar frá og með 1. janúar 1983. Leiði endurútreikningur tollverðs til lækkunar gjalda og hafi gjöld verið greidd með skuldaviðurkenningu skal beiðni um lækkun og endurgreiðslu gjalda send fjármálaráðuneytinu. Hafi gjöld hins vegar verið greidd í peningum skal beiðni um endurgreiðslu send viðkomandi tollstjóra. Beiðni um endurgreiðslu skal borin fram á þar til gerðu eyðublaði sem fæst hjá tollstjórum og skal endurgreiðslufjárhæð (lækkun gjalda) þar útreiknuð af innflytjanda. Beiðni skal fylgja öll þau tollskjöl sem fullnaðartollafgreiðslu varða, þ. m. t. bleikt eintak aðflutningsskýrslu með greiðslustimpli tollstjóra og afrit af skuldarviðurkenningu.

Fjármálaráðuneytið, 29. apríl 1983.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 31 2. febrúar 1982.

1. málsgrein 3. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 5,50 fyrir hvern rúmmetra vatns.

1. málsgrein 4. gr. orðist þannig:

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 11,00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Einnig skal greiða í afgreiðslugjald kr. 111,00 ef vatnið er afgreitt á virkum dögum kl. 8—17, en kr. 222,00 ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Vestmannaeyja staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. apríl 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.